

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 1. mars 2022
UST202202-172/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Reykjanesbraut. Umsögn

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 15. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða deiliskipulag vegna breikkunar Reykjanesbrautar á kafla sem nær frá afleggjara til Krýsuvíkur að sveitarfélagsmörkum Hafnarfjarðar og Voga.

Í fyrri umsögnum hefur Umhverfisstofnun og fleiri aðilar lagt áherslu á að við framkvæmdina verði reynt að raska Straumstjörnum eins lítið og kostur er vegna verndargildis þeirra. Komið hefur verið til móts við þær ábendingar eins og hönnun mannvirkisins leyfa.

Varðandi frágang skeringa ætti að leggja áherslu á að móta skeringar í hrauni þannig að yfirborð þeirra líkist hrauninu umhverfis eins og kostur er og öryggiskröfur leyfa.

Að mati Umhverfisstofnuna ætti að vanda betur til verka við frágang skeringa og má í því sambandi benda á skeringar sunnan við Vallahverfi þar sem skeringar eru allt of brattar og þegar er komið rof í skeringuna. Einnig má benda á stóra skeringu sunnan við Kúagerði þar sem mótaður hefur verið vegflái í stórri skeringu þar sem betur hefði farið á því að móta skeringuna þannig að hún líktist sem mest hraunkanti.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið sem er mjög ítarlegt og vel unnið.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur